

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. febrúar 2021

Mál nr. E-2205/2020:

ÞG verktakar ehf.

(Bjarki Þór Sveinsson lögmaður)

gegn

Hafnarfjarðarkaupstað

(Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 30. júní 2020 og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 19. janúar 2021.

Stefnandi er ÞG verktakar ehf., kt. 000000-0000, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Stefndi er Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 000000-0000, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

Í endanlegum dómkröfum krefst stefnandi þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 247.492.280 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 3. maí 2018 til 29. júlí 2020, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 47.901.732 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 3. maí 2018 til 29. júlí 2020, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna kostnaðar stefnanda við þátttöku í útboðinu og undirbúnings tilboðs. Í öllum tilvikum krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) sendi þann 15. september 2017 erindi til stefnda um að hefja viðræður um fjármögnun byggingar knatthúss. Á fundi bæjarráðs stefnda þann 21. september 2017 var samþykkt að skipa vinnuhóp, sem skyldi leggja til grundvallar tillögu FH. Í skýrslu nefndarinnar, sem lögð var fram á fundi bæjarráðs þann 19. október 2017, komu fram níu tillögur. Í greinargerð stefnda um fjárhagsáætlun 2018-2021, frá desember 2017, var síðan gert ráð fyrir byggingu knatthúss hjá FH sem yrði í 100% eigu stefnda, framkvæmdin yrði boðin út og áætlun gerði ráð fyrir að kostnaður yrði um 720 milljónir króna.

Með útboðsgögnum, dags. 16. janúar 2018, sem unnin voru af hálfu VSB verkfræðistofu, óskaði stefndi eftir tilboði í hönnun og byggingu knatthúss í Kaplakrika, auk jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja vegna æfingavalla norðan við knatthúsið að Flatahrauni í Hafnarfirði. Ekki var í gögnunum vísað til samþykkrar fjárhagsáætlunar um framkvæmdakostnað en tekið fram að stefndi áskildi sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum, hann myndi greiða 250 milljónir á árinu 2018 og eftirstöðvar í janúar 2019.

Útboðið var auðkennt sem „Knatthús í Kaplakrika – Alútboð 2018“. Tilboð voru opnuð 26. mars 2018. Stefnandi var einn af þremur bjóðendum og átti lægsta tilboðið í verkið, að fjárhæð 1.237.461.404 krónur með virðisaukaskatti. Í lok fundargerðar við opnun tilboða kemur fram: „Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar gerir ráð fyrir 720 millj.kr. í húsið.“

Með tölvubréfi, dags. 3. maí 2018, var bjóðendum send tilkynning frá VSB verkfræðistofu, f.h. stefnda, þar sem fram kom að stefndi hefði ákveðið að hafna öllum tilboðum í útboðinu. Nánar var í bréfinu vísað til bókuar umhverfis- og framkvæmdaráðs stefnda frá 18. apríl og 2. maí 2018 þar sem vísað var til lokamálsgreinar gr. 0.1.2 í útboðsgögnum um heimildir til að hafna öllum framkomnum tilboðum, með vísan til þeirra forsendna sem lagðar voru fyrir verkefnið á fundi bæjarráðs hinn 19. október 2017, og fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins 2018-2021, þar sem miðað var við að leggja samtals 720 milljónir króna í verkefnið. Fram kom að tilboðsfjárhæðir sem hefðu borist rúmuðust ekki innan þeirra forsendna.

Með bréfi stefnanda, dags. 17. maí 2018, til VSB verkfræðistofu var óskað eftir upplýsingum um forsendur fjárhagsáætlunarinnar og afriti kostnaðaráætlunar stefnda vegna verksins. Því erindi var svarað með bréfi 30. maí 2018, þar sem meðal annars kemur fram að gert hafi verið ráð fyrir kostnaði á bilinu 700.000.000 - 750.000.000

króna. Í lok bréfsins kemur fram að verkkaupi hefði ekki undir höndum sundurliðaða kostnaðaráætlun, en eins og fram væri komið sé kostnaðaráætlunin komin frá FH, sem byggði áætlun sína á reynslutölum frá byggingu „Risans“. Með bréfi 30. maí 2018 ítrekaði stefnandi kröfu sína um að stefndi gengi til samninga við sig. Með bréfi frá lögmanni stefnda 12. júní 2018 var þeirri kröfu hafnað.

Stefnandi kærði útboðið til kærunefndar útboðsmála í júní 2018, mál nr. 9/2018, þar sem hann krafðist þess að ákvörðun stefnda yrði felld úr gildi, en til vara að nefndin léti uppi álit sitt á skaðbótaskyldu stefnda. Í úrskurði nefndarinnar frá 9. nóvember 2018 var því hafnað að ákvörðun stefnda yrði felld úr gildi, en fallist var á að stefndi væri skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna kostnaðar hans af því að undirbúa tilboð sitt og taka þátt í útboðinu. Var einkum vísað til þess að stefndi hefði ekki gert sérstaka kostnaðaráætlun, og að kostnaðarviðmið sem stefndi hefði stuðst við hafi komið frá FH og miðast við byggingu annars húss, sagt sams konar, án þess að upplýst hafi verið nánar um forsendur. Jafnframt yrði ekki annað ráðið en að kostnaðarviðmið stefnda hafi ekki gert ráð fyrir kostnaði við jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja.

Í febrúar 2020 lagði stefnandi fram beiðni um dómkvaðningu matsmanns fyrir Héraðsdómi Reykjaness, mál nr. M-458/220, og var tilefni matsins að fá dómkvaddan matsmann til að meta tjón stefnanda vegna brota stefnda á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016, og lögum um framkvæmd útboða, nr. 65/1993. Var Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur dómkvaddur sem matsmaður hinn 5. mars 2020, og liggur matsskýrsla hans, dags. 8. maí 2020, fyrir í málinu. Í niðurstöðu skýrslunnar er tekið mið af hagnaði nokkurra verktakafyrirtækja, og talið að hagnaður stefnanda, ef af umræddu verki hefði orðið, væri 4,8% af tilboðsfjárhæð. Næmi tjón hans samkvæmt því 47.901.732 krónum.

Stefnandi leggur fram afrit útboðsgagna, tilboðsblað hans, gögn um opnun verðtilboða, framangreind bréfasamskipti og úrskurð kærunefndar útboðsmála, matsgerð dómkvadds matsmanns, fasteignamatsupplýsingar um „Risann“ og ÍST 30:2012.

Stefndi leggur fram skýrslu starfshóps, fundargerð bæjarráðs frá 19. október 2017, fjárhagsáætlun stefnda 2018-2021, fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 18. apríl 2018, rammamning stefnda og FH, framvindureikning 24. október 2019 og fundargerð Kaplakrikahóps frá 3. desember 2019.

Aðilaskýrslu gaf Þorvaldur Gissurarson fyrir hönd stefnanda. Vitnaskýrslur gáfu Sigurður Haraldsson og Kristinn Andersen, starfsmenn stefnda, Viðar Halldórsson, formaður FH, og Kolbeinn Kolbeinsson, verkfræðingur og dómkvaddur matsmaður.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna brota stefnda á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016, og lögum um framkvæmd útboða, nr. 65/1993. Á því tjóni beri stefndi skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum, sbr. og 2. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup. Framangreint ákvæði hafi verið skýrt með hliðsjón af lögskýringargögnum og dómafordæmum á þann hátt að til greina komi að dæma verkkaupa, sem brjóti gegn reglum laganna, til að greiða verktaka, sem af þeim sökum fari á mis við verk, skaðabætur sem nemi hagnaði, sem hann hefði aflað sér með framkvæmd þess, enda sýni hann nægilega fram á að við hann hefði verið samið ef ekki hefði verið brotið gegn lögnum og það hafi orðið honum á þennan hátt til tjóns.

Af meginreglum skaðabótaréttar leiði að gera skuli tjónþola eins settan og hin bótaskylda athöfn hefði ekki átt sér stað. Í máli þessu felist í tjóni stefnanda að vænlegur samningur hafi ekki verið gerður og hafi stefnandi af þeim sökum orðið af hagnaði. Telur stefnandi að tjón hans sé hagnaðarmissir á þeirri framlegð, sem hann áætlaði út úr verkinu við tilboðsgerð á grundvelli tilboðs hans, miðað við forsendur og þær aðferðir sem stefnandi ætlaði að beita við framkvæmd verksins. Hafi verið miðað við 20% framlegð af samningsfjárhæð, það er 247.492.280 krónur, sem er stefnufjárhæð þessa máls. Þrátt fyrir að stefnandi sé ekki sammála niðurstöðu og aðferðafræði fyrirbyggjandi matsgerðar, þá sýni matsgerðin, og ekki sé hægt að hrekja, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð sem tilgreind sé í matsgerð. Skaðabætur geti því aldrei orðið lægri en 49.901.732 krónur.

Fyrir liggja að stefnandi átti það tilboð í verkið sem var lægst að fjárhæð og ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til annars en að stefnandi hafi verið hæfur í verkið þannig að tilboð hans hafi verið gilt. Stefnandi hafi því átt raunhæfa möguleika á að verða valinn af kaupanda hefði ekki komið til réttarbrots að hálfu stefnda, sbr. 119 gr. laga um opinber innkaup. Stefnandi hafi gert þá kröfu í maí 2018 að stefndi tæki lægsta tilboði í samræmi við útboðsgögn og gengi til samninga við sig. Hafi því verið hafnað af stefnda hinn 12. júní 2018. Efnidir *in natura* séu útilokaðar og því efnidabætur eina úrræðið í því skyni að ná fram sömu fjárhagslegu niðurstöðu.

Krafa stefnanda sé reist á því að stefndi greiði honum efnidabætur þannig að stefnandi verði eins settur og ef hann hefði fengið verksamning um verkið „Knatthús í Kaplakrika - Alútboð 2018“, á grundvelli tilboðs, sem opnað var hinn 26. mars 2018, að

fjárhæð 1.237.461.404 krónur. Öllum fjórum skilyrðum til réttar á efndabótum sé fullnægt í málinu.

Um grundvöll skaðabótakröfunnar vísar stefnandi til þess að með bréfi, dags. 3. maí 2018, hafi stefndi hafnað öllum tilboðum í verkið „Knatthús í Kaplakrika – Alútboð 2018“, þ.m.t. tilboði stefnanda sem var lægst. Vísað hafi verið til gr. 0.1.2 í útboðs- og samningsskilamálum um heimild verkkaupa til þess að hafna öllum tilboðum. Ákvæði 13. gr. og 14. gr. laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993, og 2. mgr. 83. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, feli í sér heimild til þess að hafna öllum tilboðum. Framangreindum heimildum verði þó ekki neytt nema fyrir því séu málefnalegar og rökstuddar ástæður. Í máli þessu séu engin efni til að líta svo á að fyrrgreint ákvæði, gr. 0.1.2 í útboðs- og samningsskilmálum stefnda, hafi veitt honum rýmri heimild en leiðir af ákvæðum laga til að hafna öllum tilboðum. Með hliðsjón af ákvæði 79. gr. laga um opinber innkaup, þegar metið sé hvaða ástæður geti komið til álita sem geti réttlætt tilefni til að hafna öllum tilboðum sem þegar hafa verið opnuð við framkvæmd útboðs, líkt og gert hafi verið í máli þessu, komi einnig til athugunar almennar reglur fjármunaréttar um brostnar forsendur. Í framangreindu bréfi, þar sem bjóðendum hafi verið tilkynnt um að öllum tilboðum í verkið Knatthús í Kaplakrika væri hafnað, hafi verið tilgreint að það væri vegna þess að við undirbúning verkefnisins hafi verið lagt til grundvallar að heildarkostnaður yrði um 700.000.000 - 750.000.000 króna, og í fjárhagsáætlun stefnda hafi verið miðað við 720.000.000 króna. Verði til þess að líta að í bréfinu hafi stefndi ekki fært rök fyrir ákvörðun sinni, svo sem honum hafi borið samkvæmt 79. gr. laga um opinber innkaup. Við þessar röksemdir verði að miða þegar lagt sé mat á það hvort fullnægjandi ástæður hafi verið fyrir því að hafna öllum tilboðum í verkið.

Stefnandi bendir á að fyrir liggja í máli þessu að til grundvallar við undirbúning útboðsins hafi aðeins legið upplýsingar frá vinnuhópi, sem hafi unnið alls níu tillögur, þ.á. m. tillögu um knatthús án upphitunar. Samkvæmt þeirri tillögu hafi verið gert ráð fyrir því að kostnaður við framkvæmdina væri á bilinu 700.000.000 - 750.000.000 króna. Byggðist áætlunin um kostnað á reynslutölum frá FH, sem hafði byggt húsið „Risinn“ sem sagt var vera sams konar hús, án þess að upplýst hafi verið nánar um forsendur þess mats eða að skilyrði þessara tveggja verka væru þau sömu. „Risinn“ hafi verið tekinn í notkun í apríl 2005 og því að lágmarki þrettán ár á milli bygginga húsanna. Bersýnilegt sé hversu fráleitt það sé að leggja sömu tölur til grundvallar byggingu annars húss mörgum árum síðar. Þá verði ekki annað ráðið en að kostnaðarviðmið stefnda hafi ekki

falið í sér kostnað vegna hönnunar eins og áskilið hafi verið í útboðslýsingu, né jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja. Ágiskun vinnuhóps um kostnaðarviðmið hafi á engan hátt verið í samræmi við þau útboðsgögn sem lágu til grundvallar því útboði sem mál þetta sé reist á. Augljóst sé að þau viðmið sem stefndi lagði til grundvallar um kostnað við verkið hafi ekki verið viðhlítandi grundvöllur fyrir þeirri ákvörðun hans að hafna öllum tilboðum þannig að sú ákvörðun samrýmist því að hafa verið tekin á málefnalegum og rökstuddum forsendum. Enn fremur þurfa hinar veigamiklu málefnalegu ástæður að varða útboðið sjálft en það eigi ekki við í máli þessu.

Stefnandi vísar til þess að forsenda þess að verkkaupi geti tekið ákvörðun um höfnun allra tilboða sé sú að hann hafi áður aflað sér nauðsynlegra upplýsinga og gagna til þess að honum sé stætt á að leggja fram rökstutt mat á framkomin tilboð. Ákvörðun opinbers verkkaupa um að hafna öllum tilboðum sem borist hafi í útboði samkvæmt lögum nr. 120/2016, án þess að þegar hafi farið fram rökstutt mat, geti aldrei samrýmst þessum lagagrundvelli. Val á tilboði eða höfnun þess verði að byggjast á forsendum sem tilboðsgjafa máttu vera ljósar af útboðslýsingu, sbr. til hliðsjónar ákvæði 79. gr. laga um opinber innkaup. Í útboðsgögnum skuli tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og kostur sé. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að val á tilboði væri háð þeim atriðum sem höfnun stefnda byggðist á og ekki verði séð að sú ákvörðunarástæða sem stefndi hafi gefið fyrir höfnun allra tilboða hafi mátt vera stefnanda ljós þegar hann bauð í verkið. Stefndi hafi hvorki tekið málefnalega né rökstudda afstöðu til tilboðs stefnanda, heldur hafnað því ásamt öðrum tilboðum sem bárust, á þeirri forsendu einni að tilboðin væru umfram kostnaðarviðmið sem miðað hefði verið við.

Stefnandi bendir á að á fundi bæjarráðs 19. október 2017 hafi alls níu tillögur verið lagðar fyrir bæjarráð. Líkt og áður greini hafi ein þeirra gert ráð fyrir að óupphitað knatthús myndi kosta á bilinu 700.000.000 - 750.000.000 króna, án nokkurrar sundurliðunar á kostnaðaráætlun. Þá fylgdu tillögunni hvorki útreikningar né forsendur fyrir tilgreindri fjárhæð. Efnt hafi verið til alútbóðs eftir að tillaga þessi var kynnt stefnda. Stefnda hefði verið í lófa lagið að taka fram í útboðsgögnum að tilboðum umfram tiltekna fjárhæð yrði skýlaust hafnað en engan fyrirvara um slíkar forsendur hafi verið að finna í útboðs- og samningsskilmálum stefnda. Þá verði einnig ráðið á grundvelli fyrirliggjandi gagna að útboðs- og samningsskilmálar hafi á engan hátt verið í samræmi við þá tillögu sem vinnuhópurinn lagði til. Hafi það mikla þýðingu fyrir mál þetta. Samkvæmt

útboðsgögnum stefnda hafi verið óskað eftir tilboði í hönnun og byggingu knatthúss og í jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja vegna æfingavalla. Mátti stefnda vera það ljóst að aukinn kostnaður fælist í jarðvinnu og uppsteypu og fái það stoð í fyrirbyggjandi gögnum að tillaga vinnuhópsins gerði ekki ráð fyrir slíkum kostnaði. Einnig sé um að ræða umtalsverðan mun á stærð knatthúsa. „Risinn“ sé 3.014 fermetrar, á meðan útboðslýsingin hafi gert ráð fyrir byggingu á 8.298 fermetra húsi. Þá hafi einnig verið gert ráð fyrir því að lágbygging knatthússins yrði einangruð og upphituð. Innrauðir rafmagnshitalampar yrðu á 20 metra löngu svæði með um 3 metra millibili að tiltekinni stærð í knatthúsinu sjálfu. Í útboðinu hafi verið gert ráð fyrir fyrsta flokks gervigrasi ásamt úðastútum sem áttu að falla niður í grasið. Þá hafi verið gert ráð fyrir rafdrifnum tjöldum og áheyrendapöllum fyrir 600 manns, sem og öðrum útfærslum sem ekki sé að finna í því húsi sem sagt var vera sams konar. Áður en efnt hafi verið til alútbóðs hafi allar upplýsingar legið fyrir um „Risann“ og mátti stefnda vera ljóst að útboðs- og samningsskilmálarnir voru gjörólíkir því húsi sem hann byggir á að sé samskonar. Ótækt sé því fyrir stefnda að byggja á ágiskun um verð sem forsendu fyrir útboðinu. Af gögnum málsins verði ekki leitt að forsendur sem útboðið hvíldi á hafi brostið eftir að það hófst og áður en ákveðið var að hafna öllum tilboðum sem bárust í verkið. Stefnda hafi því ekki verið heimilt að hafna tilboði stefnanda á grundvelli þeirra atriða sem stefndi hafi vísað til, og með því hafi ákvörðun hans um að gera það brotið gegn ákvæðum laga um opinber innkaup.

Stefnandi byggir á því að vanefnd stefnda hafi leitt til tjóns. Stefnandi hafi verið í góðri trú, þegar hann lagði fram tilboð sitt, um að það væri að öllu leyti í samræmi við þær forsendur sem útboðið væri reist á. Lægstbjóðendur í útboði sem uppfylla allar kröfur sem gerðar séu til þeirra eigi skýlausan rétt til þess að samið sé við þá á grundvelli eðlilegra og sanngjarna tilboða sem koma frá þeim. Af gögnum málsins verði talið nægjanlega sýnt að tilboð stefnanda hafi verið hóflegt þar sem öll þrjú tilboðin sem bárust í verkið á grundvelli fyrirbyggjandi útboðsgagna hafi verið að álíkum fjárhæðum.

Í máli þessu liggja fyrir að stefnandi átti það tilboð sem var lægst að fjárhæð. Hafi hann verið vel til verksins fallinn, tilboð hans var gilt og af þeirri ástæðu átti stefnandi raunhæfa möguleika á að vera valinn af stefnda hefði ekki komið til réttarbrots af hans hálfu. Sönnunarbyrði um það að ekki hefði verið samið við stefnanda, hefði orðið að verkinu, hvíli því á stefnda. Eðli málsins samkvæmt leiði það til tjóns fyrir stefnanda að hann hafi ekki fengið þann verksamning sem hann átti rétt til. Hafi stefnandi af þeim

sökum orðið fyrir tjóni í formi missis hagnaðar að fjárhæð 247.492.280 krónur, og beri stefndi einn ábyrgð á því tjóni.

Stefnandi byggir á því að orsakasamband sé á milli vanefndar og tjóns stefnanda. Það tjón sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna missis hagnaðar sé bein afleiðing af þeirri háttsemi stefnda að reisa mat sitt á óforsvaranlegum upplýsingum og útreikningum, sem aðeins hafi tekið til hluta af því verki sem boðið var út, og ákvörðun hans um að hafna öllum tilboðum, þar með talið tilboði stefnanda, sem var lægstbjóðandi, án þess að fyrir því væru málefnalegar og rökstuddar ástæður. Vafalaust sé að bein orsakatengsl séu á milli hinnar saknæmu og ólögmatu háttsemi stefnda og þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með sanngirni getað séð fyrir sennilegar afleiðingar vanefnda sinna. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum málsins sé ljóst að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmri og ólögmatu háttsemi sinni, enda sé það sennileg afleiðing af háttsemi hans er hann hafi ákveðið að efna til útboðs á grundvelli óforsvaranlegra upplýsinga á útreikningum, sem ekki voru í neinu rökrænu samhengi við það verk sem lýst hafi verið í útboðsgögnum. Ekki þurfi að fjölyrða um að stefnda mátti, að teknu tilliti til sanngirnissjónarmiða, vera ljóst að háttsemi hans kynni að leiða til tjóns fyrir bjóðendum, þar á meðal stefnanda.

Stefnandi vísar einnig til þess að meginmarkmið reglna um opinber innkaup sé að tryggja jafnræði bjóðenda og gagnsæi í útboðsferli, sbr. orðalag 1. gr. laga nr. 120/2016. Ákvæði 85. gr. sömu laga sé sett í þeim tilgangi að þrengja möguleika þeirra sem vilja misnota útboðsfyrirkomulagið. Af háttsemi stefnda megi ráða að hann hafi efnt til útboðs til þess eins að kanna markaðinn og afla sér hugmynda um verð. Jafnvel hafi aldrei staðið til að semja við neinn þeirra sem gerðu tilboð í verkið. Ljóst sé að slíkt útboð sé undir röngu yfirskyni þar sem fullyrða megi að um verðkönnun hafi verið að ræða sem hafi verið til þess fallin að skapa stefnda sterkari sanningsaðstöðu gagnvart þeim aðila sem samið var svo við.

Um breytingu á kröfugerð málsins, frá því sem getur um í stefnu, bæði hvað varðar framkomna varakröfu um greiðslu á 47.901.732 krónum og um þrautavarakröfu um viðurkenningu á kostnaði við þátttöku í útboðinu og undirbúningi, vísar stefnandi til þess að hann telji að báðar kröfurnar rúmist innan aðalkröfu málsins.

Um aðrar málsástæður og lagarök vísar stefnandi til ákvæðis 2. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup, sem vísar til almennra skaðabótareglna og hafi verið skýrt þannig

að réttur til efndabóta geti stofnast ef almennum sönnunarreglum sé fullnægt þrátt fyrir að samningur hafi aldrei verið gerður. Um lagarök að öðru leyti kveður stefnandi grundvöll efniskröfu sinnar í málinu vera meginreglur útboðs- og verktakaréttar eins og þær birtast í réttarframkvæmd, lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup, lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða, einkum 16. og 20. gr., og meginreglum samningaréttar um að samninga skuli halda. Um vanefndar- og skaðabótaúrræðið efndabætur vísast til almennra reglna fjármunaréttar. Þá byggir stefnandi á almennum skaðabótareglum hvað varðar afleiðingar ákvörðunar stefnda af því að taka ekki tilboði stefnanda. Málskostnaðarkrafa stefnanda eigi sér stoð í 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrirsvar málsins eigi stoð í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing stefnda sé vísað til 3. mgr. 33. gr. sömu laga sem og greinar 0.7.4 í útboðslýsingu. Þá byggir stefnandi á Íslenskum staðli ÍST 30:2012, en skv. bls. 10 í útboðsgögnum taldist staðallinn til útboðsgagna.

Málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi mótmælir nýrri varakröfu stefnanda um greiðslu á 47.904.732 krónum, sem fram hafi komið í málflytningi. Augljóst sé að verið sé að skipta um hest í miðri á, enda sé í stefnu með engum hætti byggt á matsgerðinni um sönnun tjóns.

Stefndi bendir á að stefnandi byggi kröfur sínar á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna brota stefnda á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016, og lögum um framkvæmd útboða, nr. 65/1993. Vísi stefnandi nánar til ákvæða 13. og 14. gr. laga um framkvæmd útboða og 2. mgr. 83. gr. laga um opinber innkaup sem reyndar hafi tekið gildi eftir að ákvörðun var tekin um höfnun boða í þessu máli.

Samkvæmt framangreindum lagaheimildum og dómvenju sé kaupanda heimilt að hafna öllum framkomnum boðum „standi málefnalegar ástæður til þess og sé sú ákvörðun rökstudd.“ Í athugasemdum frumvarps sem varð til þess að þessi regla var formlega sett í lög sé meðal annars tekið fram að þessi heimild sé „m.a. til staðar þegar aðeins berast tilboð sem eru yfir fjárhagsáætlun kaupanda, sem liggur fyrir áður en tilboð eru opnuð, enda hafi sú áætlun verið unnin á raunhæfan og réttmætan hátt.“ Enginn áskilnaður sé um sérstakt form eða ferli þegar litið sé til fjárhagsáætlana í þessum skilningi. Í því tilviki sem hér um ræði hafi starfshópur aflað upplýsinga um byggingarkostnað sambærilegs húss á sömu lóð og lagt áætlanir fram byggðar á því mati fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn hafi svo gert ráð fyrir þeim kostnaði í formlegri

fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem gerð hafi verið á grundvelli 58. og 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fjárhagsáætlunin sé bindandi „regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir“ sveitarfélagsins og óheimilt að víkja frá því sem þar sé ákveðið skv. 63. gr. sömu laga.

Þegar í ljós hafi komið að öll tilboð voru um 40% yfir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi stjórnendum stefnda ekki einungis verið heimilt heldur beinlínis skylt að hafna öllum framkomnum boðum. Sú fjárhagsáætlun sem lá til grundvallar byggðist á réttum og lögmætum forsendum. Hún hafi líka legið fyrir áður en útboðið fór fram, og raunar nokkuð óvenjulegt að hún gat verið öllum bjóðendum ljós sökum þess að um hana var getið í samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, allt frá 6. desember árið áður.

Stefndi bendir á að sú regla útboðsréttar sem beitt hafi verið í hæstaréttarmáli nr. 182/2005 (Héðinsfjarðargöng) geri engan veginn ráð fyrir því að kaupandi neyðist til að samþykkja innkaup á vörum og þjónustu, sem séu mun dýrari en forsendur hans gerðu ráð fyrir. Það sé þvert á mótí málefnalegt. Í forsendum nefnds dóms sé beinlínis tekið fram: „Fjárhæð tilboðs aðaláfrýjanda var rúmlega 3% yfir kostnaðaráætlun gagnáfrýjanda, en fyrir liggur að að líkt var ástatt um lægsta tilboð, sem hann tók nokkru áður í gerð Fáskrúðafjarðarganga. Er því ekkert sem bendir til að gagnáfrýjandi hefði talið ástæðu til að hafna tilboði aðaláfrýjanda vegna fjárhæðar þess.“

Í þessu máli sé ástæðan fyrir höfnun allra boða einmitt fjárhæð þeirra. Allir bjóðendur hafi boðið miklu herra verð en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Stefnandi hafi sjálfur upplýst í bréfi lögmanns hans til stefnda að hann áætlaði sér 30% nettóhagnað af verkinu og sé því augljóst að engin boð bárust sem geti talist hagkvæm eða í samræmi við fyrri reynslutölur. Stefnda hafi því verið fullheimilt og raunar skylt með tilliti til hagsmuna útsvarsgreiðenda að hafna öllum boðum og leita í framhaldinu annarra leiða til hagkvæmra innkaupa. Sú ákvörðun teljist málefnaleg og lögmæt. Ákvörðunin hafi einnig verið rökstudd ítarlega og með vísan til þeirra sjónarmiða sem að framan séu rakin, sem sé tölvupóstur umsjónarmanns útboðsins til allra bjóðenda, dags. hinn 3. maí 2018.

Að mati stefnda leiði það til sömu niðurstöðu að forsendur fyrir innkaupunum brustu einnig í skilningi reglna fjármunaréttar um brostnar forsendur en á þeim hafi einnig verið byggt í framangreindu hæstaréttarmáli. Forsendan hafi legið fyrir við samningsgerðina, hún hafi verið ákvörðunarástæða og beinlínis verið óheimilt að lögum að víkja frá henni með tilliti til skyldna sveitarfélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Til stuðnings röksemdum stefnda sé einnig á því byggt að FH hafi að lokum byggt íþróttahús á þeirri lóð þar sem útboðsverkið átti að vinna. Stefndi hafi komið að fjármögnun þeirrar byggingar í tengslum við kaup á öðrum mannvirkjum. Í þeim samningum hafi verið gert ráð fyrir heildarbyggingarkostnaði að fjárhæð 790 milljónir króna. Nú sé húsið fullbyggt og samkvæmt uppgjöri hafi sú áætlun staðist fyllilega.

Um fjárhæð dómkrafna og sönnun vísar stefndi til þess að stefnandi leggi engin sönnunargögn fram sem styðji aðalkröfu hans. Hann leggi þvert á móti fram sönnunargögn sem hnekki henni. Eina umfjöllunin um 247,5 milljóna króna bótakröfu sé sú að stefnandi hafi ætlað sér 20% framlegð af verkinu. Sú fullyrðing sé engum frekari rökum eða gögnum studd. Hún sé einnig í ósamræmi við fullyrðingu í bréfi hans sjálfs frá 30. maí 2018 þar sem sagði að efndabótakrafa myndi nema 30% af tilboðsfjárhæð. Það sem sé þó mest um vert sé að stefnandi leggi sjálfur fram mat dómkvaddis manns á meintum hagnaðarmissi þar sem hann sé metinn fimmtungur af því tjóni sem hann krefjist nú í málinu. Stefnandi byggji hins vegar ekki á því sönnunargagni í málinu þegar hann rökstyðji aðalkröfu sína. Þessi háttur á málalíbúnaði stefnanda leiði til þess að ekkert sé hægt að segja til um efnislegar forsendur bótafjárhæðinnar, enda sé hún hvorki sundurliðuð, rökstudd né studd einu einasta gagni. Það sé í ósamræmi við reglur skaðabótaréttar og réttarfars að fara fram með bótamál þar sem svona hátti til. Krafan sé með öllu vanreifuð og stefndi geti ekki varið sig með skriflegri greinargerð um sönnunargögn eða sundurliðanir.

Stefndi bendir á að undir rekstri áðurgreinds matsmáls hafi verið lögð fram gögn sem hafi sýnt að útreiknuð álagning við tilboðsgerð hafi einungis numið hluta af þeirri fjárhæð sem nú sé stefnt fyrir. Þá hafi hins vegar átt eftir að taka tillit til ýmissa kostnaðarliða og óvissuþátta, eins og vikið sé að í matsgerð Kolbeins Kolbeinssonar. Vísast í því sambandi einnig til greinargerðar stefnda til matsmanns en þar komi m.a. fram að hagnaður stefnanda hafi numið um 6% af veltu árin 2017-2018 og þar verið um að ræða blandaða starfsemi (útboðs- og eigin verka). Í þessu máli sé um að ræða svokallað alverk, þar sem bjóðandi beri ábyrgð á öllum þáttum verksins, þ.m.t. vanáætluðum magntölum í útboðsgögnum, og því alls óvíst hvernig til hefði tekist í þessu verki. Hvað sem öllu líði sé tjón stefnanda, sem krafist sé bóta fyrir í aðalkröfu hans, með öllu ósannað. Verði ekki bætt úr þeim sönnunarskorti undir rekstri málsins.

Um varakröfu stefnanda, eins og hún hafi verið í stefnu, þá krefjist stefnandi bóta að álitum dómsins vegna kostnaðar við að gera tilboðið, án þess að gera beina fjárkröfu.

Hann krefjst einnig vaxta og dráttarvaxta án þess að gera nokkra fjárkröfu. Engin sönnunargögn séu lögð fram um þessa kröfu fremur en aðalkröfuna. Krafan uppfylli ekki kröfur réttarfars og skaðabótaréttar um sönnun og verði að sýkna þegar af þeirri ástæðu. Stefnandi í skaðabótamáli verði að sýna fram á tjón sitt. Geri hann það ekki eigi að sýkna stefnda. Auk þessa eigi krafan sér ekki neina efnislega stoð með þeim sömu rökum og greini að framan. Þá sé viðurkenningarkröfu þeirri sem sett hafi verið fram í málflutningi sem þrautavarakröfu í stað varakröfunnar mótmælt, enda verði fjárkröfu ekki skipt út í málflutningi fyrir viðurkenningarkröfu.

Stefnandi mótmælir því, til viðbótar öllu framangreindu, að fyrir hendi séu skilyrði hinnar almennu skaðabótareglu um orsakatengsl, sennilega afleiðingu og tjón sem njóti verndar skaðabótareglna.

Stefndi vísar til stuðnings sýknukröfum sínum til reglna útboðsréttarins auk grunnreglna skaðabótaréttar um skilyrði fyrir sakarábyrgð. Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 129.-131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða:

Í málflutningi lögmanns stefnanda var sett fram varakrafa, sem ekki getur um í stefnu málsins, um að stefnda verði gert að greiða stefnanda 47.901.732 krónur, með sömu vöxtum og dráttarvöxtum og um getur í aðalkröfu málsins. Byggist sú fjárhæð á framlagðri matsgerð. Af hálfu stefnda var kröfunni mótmælt þar sem hún rúmaðist ekki innan aðalkröfunnar, enda væri ekki byggt á því í stefnu að matsgerðin væri sönnun fyrir tjóni stefnanda.

Í stefnu kemur fram að stefnandi telji að tjón hans sé hærra en fyrirbyggjandi matsgerð segir til um, og hyggist afla yfirmats, sem hann gerði þó ekki. Nánar segir í stefnu að matsgerðin sýni hins vegar að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, og skaðbætur geti því aldrei orðið lægri en fram komi í matsgerð.

Eins og ákvæði 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefur verið skýrt getur dómari kveðið á um önnur úrslit máls en eftir beinum orðum kröfugerðar, svo lengi sem niðurstaðan er innan ystu marka hennar. Dómari getur því dæmt stefnanda lægri fjárhæð innan kröfufjárhæðinnar, þótt ekki sé gerð sérstök krafa um það af hálfu stefnanda, enda sé málatilbúnaðurinn sá sami. Varakrafa stefnanda er vel innan marka fjárhæðar aðalkröfu hans, og telst málatilbúnaður sá sami samkvæmt framangreindu, og verður henni ekki vísað á bug.

Bæði aðalkrafa og varakrafa stefnanda byggist á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna hagnaðarmissis eða tapaðrar framlegðar. Bótafjárhæð aðalkröfunnar er rökstudd í stefnu með því að stefnandi hafi ætlað sér 20% framlegð af heildartilboðsfjárhæðinni. Af öðrum gögnum málsins verður ætlað að stefnandi hafi miðað við 30% í efndabætur. Þá kom fram í skýrslu fyrirvarsmanns stefnanda fyrir dómi að útgangspunktur hans fyrir áætluðum hagnaði almennt væri 10%. Engin gögn liggja fyrir í málinu til stuðnings kröfunni. Er bótakrafan í aðalkröfu því með öllu ósönnuð og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af aðalkröfu málsins.

Um grundvöll bótaskyldu stefnda byggir stefnandi á því að engir fyrirvarar hafi verið í útboðinu um fjárhagsáætlun stefnda, og að ekki hafi heldur legið fyrir raunhæf kostnaðaráætlun. Sé með því brotið gegn ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða, og 82. og 83. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Þá hafi stefndi ekki fært fram rök sem geti réttlætt höfnun, sbr. 79. gr. laga nr. 120/2016.

Stefndi byggir á því að ákvörðun stefnda um höfnun á tilboðum hafi verið málefnaleg í skilningi stjórnisýsluréttar og auk þess lögleg og rökstudd, og þá eigi einnig við reglur fjármunaréttarins um brostnar forsendur, og í öllum tilfellum leiði það til sýknu.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar þess efnis að bæjarráð stefnda hafi þann 21. september 2017 falið vinnuhópi að fara yfir erindi FH um frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja, og að endanleg afstaða um þær framkvæmdir yrði að rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar. Í tillögu vinnuhópsins, nr. 7, var gert ráð fyrir knatthúsi með engri hitun og kostnaðarmati upp á 700-750 milljónir króna. Í fjárhagsáætlun stefnda fyrir árin 2018-2021, samþykktri í desember 2017, kemur fram að áætlun um framkvæmdirnar geri ráð fyrir að kostnaður verði um 720 milljónir króna.

Í útboðsgögnum stefnda frá janúar 2018, kemur fram í grein 0.1.2 að verkkaupi áskilji sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum. Ekki var gerður sérstakur fyrirvari um að hafna tilboðum yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda. Í grein 0.6.5 kemur síðan fram að verkkaupi greiði 250 milljónir króna á árinu 2018 en eftirstöðvar verði greiddar 20. janúar 2019, án þess að vísað sé nánar til kostnaðaráætlunar eða fjárheimilda. Tilboð voru síðan opnuð 26. mars 2018. Í lok fundargerðar við opnun tilboða er bókað: „Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar gerir ráð fyrir 720 millj.kr. í húsið.“ Þjóðendum var síðan tilkynnt með tölvupósti 3. maí 2018, frá VSB verkfræðistofu hf., f.h. stefnda, að ákveðið hefði verið að hafna öllum tilboðum.

Í bréfi VSB frá 30. maí 2018 til stefnanda, vegna fyrirspurnar hans, kom fram að verkkaupi hefði ekki undir höndum sundurliðaða kostnaðaráætlun, en að kostnaðaráætlun verksins væri komin frá FH, sem byggði á reynslutölum, enda hefði FH byggt og rekið sams konar hús. Í skýrslu Sigurðar Haraldssonar fyrir dóminum, sem sæti átti í framangreindum vinnuhóp á vegum stefnda, kom fram að hann hefði í tengslum við vinnu hópsins fengið sundurliðaða kostnaðaráætlun FH frá þáverandi bæjarstjóra, þar sem sundurliðuð var m.a. jarðvinna, burðarvirki o.þ.h. Hann hafi hins vegar ekki séð þá kostnaðaráætlun frá FH sem nú lægi fyrir í málinu. Í skýrslu Viðars Halldórssonar fyrir dóminum kom fram að hann hefði sent þáverandi bæjarstjóra mörg og ítarleg kostnaðarmöt, það síðasta hafi verið sundurliðað kostnaðarmat um heildarkostnað að fjárhæð 720 milljónir króna. Það hafi verið uppsett með svipuðum hætti og það kostnaðarmat sem síðar lá til grundvallar samningi FH og stefnda um framvindu byggingar hússins.

Framangreind kostnaðaráætlun FH, sem lá til grundvallar tillögu og ákvörðun um fjárheimild stefnda, liggur ekki fyrir í málinu. Hins vegar er ljóst af því sem fram er komið að útboðsgögn verksins, sem VSB gerði fyrir stefnda, hafi verið unnin út frá verklýsingu og kostnaðaráætlun FH, og að tilboðsblað útboðsins hafi tekið mið af því. Ekki er því annað fram komið en að sundurliðuð kostnaðaráætlun hafi legið fyrir, og að útboðið og þeir verkþættir sem þar eru tilgreindir hafi verið gerðir í samræmi við fyrirliggjandi kostnaðaráætlun. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sú áætlun hafi verið unnin á óraunhæfan eða óréttmætan hátt, eða að einhverjar reglur hafi verið brotnar af hálfu stefnda við gerð þeirrar kostnaðaráætlunar.

Með 6. og 7. gr. laga nr. 120/2016 var ákvæðum 82. og 83. gr. laga nr. 120/2016 breytt. Lagabreytingin tók gildi eftir útboð þessa máls, en óumdeilt þykir að í þeim sé kveðið skýrar á um þá framkvæmd og dómvenju sem var í gildi. Samkvæmt athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi að lagabreytingunum, þá er tilboð óaðgengilegt kaupanda þegar bjóðendur bjóða hærra verð en fram komi í fjárhagsáætlun, eins og hún hafi verið ákveðin og skráð áður en innkaupaferlið hófst. Þá komi fram sú meginregla að kaupanda sé heimilt að hafna öllum tilboðum standi málefnalegar ástæður til þess og sú ákvörðun sé rökstudd. Telja verði að þessi heimild sé m.a. til staðar þegar aðeins berast tilboð sem eru yfir fjárhagsáætlun kaupanda, sem liggur fyrir áður en tilboð eru opnuð, enda hafi sú áætlun verið unnin á raunhæfan og réttmætan hátt.

Óumdeilt þykir að fjárhagsáætlun stefnda lá fyrir áður en útbod var gert og tilboð voru opnuð. Fjárhagsáætlun sveitarfélaga eru opinber gögn, og samþykkt fjárhagsáætlun er bindandi fyrir sveitarfélög skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fallast má á það með stefnanda að réttara hefði verið að geta þeirrar fjárhagsáætlunar eða samþykkrar fjárhæðar í útbodsgögnum. Þá er staðreynt að öll tilboð í útbodinu voru langt yfir samþykkttri fjárhagsáætlun stefnda, og hefðu þegar á þeirri forsendu ekki getað bundið stefnda, sem er bundinn af framangreindum lögum nr. 138/2011. Til staðar voru því að mati dómsins málefnalegar ástæður til þess að hafna öllum tilboðum, og að löglega hafi verið að því staðið með vísan til framangreindra lagaákvæða og athugasemda.

Dómurinn telur jafnframt að reglur fjármunaréttarins um brostnar forsendur leiði til sömu niðurstöðu, enda mátti stefnanda, sem oft hefur staðið að verklegum framkvæmdum fyrir opinbera aðila, vera það ljóst að stefndi væri bundinn af fjárhagsáætlun, þótt hann hafi e.t.v. ekki kynnt sér þá fjárhagsáætlun sérstaklega.

Með vísan til framangreinds telst ósannað um grundvöll bótaskyldu stefnda hvað varðar málsástæður um kostnaðar- og fjárhagsáætlun. Þá er ósannað að efnt hafi verið til útbodsins til þess eins að kanna markaðinn og afla hugmynda um verð, og að aldrei hafi staðið til að semja við neinn, eins og greinir í stefnu.

Dómurinn telur jafnframt að ekki verði byggt á framlagðri matsgerð sem mögulegum grundvelli ákvörðunar um bætur til handa stefnanda. Þótt erfiðleikum kunni að vera bundið að færa nákvæmar sönnur á meint tjón í aðstæðum sem þessum, þá hefði stefnanda verið í lófa lagið að leggja fram sundurliðuð gögn um útreikning þess tilboðs sem hér liggur undir, varðandi kostnað og áætlaða framlegð úr verkinu. Það gerði hann ekki, og því verður ekki byggt á mögulegu tjóni út frá þeim forsendum sem matsgerðin byggist á.

Með vísan til framangreinds verður stefndi sýknaður af varakröfu stefnanda.

Í málflytningi lögmanns stefnanda var varakröfu þeirri sem var að finna í stefnu málsins breytt, og krafan sett fram til þrautavara, með þeim hætti að í stað kröfu um greiðslu á kostnaði við þátttöku í útbodinu og undirbúning tilboðs, að mati dómsins, auk tiltekinna vaxta og dráttarvaxta, var nú krafist viðurkenningar á rétti stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna kostnaðar stefnanda við þátttöku í útbodinu og undirbúnings tilboðs. Kröfunni var mótmælt af hálfu stefnda en af hálfu stefnanda er á því byggt að krafan rúmist innan aðalkröfu málsins.

Í stefnu málsins er ekki gerð viðurkenningarkrafa, né er þar að finna rökstuðning fyrir slíkri kröfu. Að mati dómsins er um nýja kröfu að ræða sem rúmast ekki innan marka kröfugerðar aðalkröfunnar, enda er í aðalkröfu krafist skaðabóta vegna missis hagnaðar eða framlegðar, en í umræddri kröfu var krafist greiðslu, nú viðurkenningar á útlögðum kostnaði. Um þann kostnað hafa engin gögn verið lögð fram. Með vísan til þessa og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 er þrautvarakröfu stefnanda um viðurkenningu á rétti stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna kostnaðar stefnanda við þátttöku í útboðinu og undirbúnings tilboðs, vísað frá dómi.

Með vísan til niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda, 930.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómsmönnum, Inga Tryggvasyni héraðsdómara og Gústaf Vífilssyni byggingarverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hafnarfjarðarbær, er sýkn af aðal- og varakröfu stefnanda, ÞG verks ehf.

Þrautvarakröfu um viðurkenningu á kostnaði stefnanda við þátttöku í útboðinu og undirbúning tilboðs er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda 930.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson

Ingi Tryggvason

Gústaf Vífilsson